

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð 3 tbl. 23. árgangur 2018

Frá formanni

Kæru félagar í FÁT, nú er komið haust. Við erum að taka fram járnin á ný og hefjast handa. Vonandi hafið þið öll átt gott sumar.

Við enduðum síðasta vetur á velheppnaðri vorsýningu sem var haldin í húsnæði Heimilisiðnaðarfélagsins að Nethyl dagana 14. og 15. apríl. Þrettán tréskerar tóku þátt í sýningunni. Hún var vel heppnuð í alla staði og vil ég þakka öllum þátttakendum og einnig þeim sem komu og skoðuðu listgripina á sýningunni.

Stjórnin er að skipuleggja vetrarastarfið sem verður með svipuðu sniði og síðastliðinn vetur. Aðalfundur verður haldinn í febrúar og vorsýning í apríl. Opnu húsin dreifast á veturinn.

Dagsskráin er auglýst á baksíðu Brýnisins.

Vonast ég til að sjá sem allra flesta taka þátt í starfinu með okkur í vetur.

Kærar kveðjur,

Víðir Árnason, formaður FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð


Pósthólf 130

202 Kópavogur

Vorsýning félagsins 2018 inn í Nethyl – Heimilisiðnaðarfélaginu.

Ásgeir Samúelsson

Ásgeir Samúelsson sýndi fjögur verk eftir sig. Hann byrjaði að skera út árið 2007 og hefur tekið þátt í sýningum hjá FÁT árið 2016, Bókhöðunni Almari 2015 og einnig verið með í sýningum í Gerðubergi og í Gullsmára. Ásgeir hefur lært og sótt námskeið hjá Guðmundi Þorsteinssyni á Akranesi og Friðgeiri Guðmundssyni Kópavogi.



Árni Falur Ólafsson

Árni Falur Ólafsson byrjaði að skera út fyrir rúmum tuttugu árum eftir að hann sótti námskeið í tréútskurði í Snælandsskóla Kópavogi.

Árni var með þrjú verk á sýningunni. Vorsýning þessi var fyrsta og síðasta sýning Árna Fals. Hann lést eftir veikindi 15. júní síðastliðinn. Árni hefur verið félagsmaður FÁT í langan tíma og var afkastamikill við tréútskurðinn og eiga afkomendur Árna Fals mikið af verkum eftir hann. Árni skar mikið út landslags myndir, klukkur, myndaramma og skemmtileg verk með drekamunstrum. Árna fannst vænt um þennan félagsskap og lét sig ekki vanta á sýningar og mæta á opið hús. Efsta verkið hægra megin er síðasta verk Árna sem hann lauk rétt fyrir vorsýninguna.





Anna Lilja Jónsdóttir

Anna Lilja byrjaði að skera út árið 1977. Anna hefur tekið þátt í nokkrum sýningum m.a. vorsýningum F.Á.T. og var einu sinni heiðurssýnandi á vorsýningu. Hún var til dæmis með í sýningunni sem var í Gerðubergi og fór síðan á Skriðuklaustur. Anna Lilja hefur kennt á námskeiðum í tréskurði.

Þóra Vilborg Vignisdóttir

Þóra var með þrjú verk á sýningunni. Hún hefur verið í fjögur og hálf ár að skera út og vinnur verkin sín aðallega hjá Skurðlista skóla Hannesar Flosasonar. Hún hefur tekið þátt í tréútskurðarsýningum í Ráðhúsinu 2016 og núna hjá FÁT.





Bjarni Þór Kristjánsson

Það eru fáir sem ekki kannast við Bjarna Þór. Hann byrjaði að skera út þegar hann var 16 ára gamall og er jafnframt einn af stofnendum FÁT. Hann hefur tekið þátt í öllum sýningum á vegum félagsins. Bjarni Þór er smíðakennari að mennt og atvinnu. Hann fæst jöfnum höndum við tálgun og útskurð í frístundum og er með vinnustofu í bílskúrnum. Einnig hefur Bjarni Þór kennt tálgun og

brýningu á fjölmörgum námskeiðum. Sjálfur hefur hann tekið þátt í námskeiðum hjá Norbury og Romerio. Bjarni Þór sýndi tvö verk á sýningunni, fuglana Hrafn og Skarfa. Á síðasta degi sýningar mætti Bjarni með tálgunarsettið sitt, kom sér fyrir hjá Sigurði Petersen og saman sátu þeir félagar og tálguðu af mikilli snilld inni á sýningunni.

Dórothea Gísladóttir

Dóra hefur verið að skera út í sex ár, þá aðallega í bílskúrnum. Hún var með sex verk á sýningunni. Skálar og sleifar. Áhugaverð verk hjá Dóru og skemmtilegt að sjá hvernig hún nýtir sér efniviðin í nytjahluti.



Gylfi Theodórsson



Gylfi byrjaði að skera út árið 2011. Hann fór á námskeið í Skurðlistaskóla Hannesar Flosasonar lærði útskurð undir handleiðslu Ingibjargar Hannesdóttur og hefur einnig sótt námskeið hjá Friðgeiri Guðmundssyni. Gylfi var með sjö verk á sýningunni, víkingaskip, bíla, fugla og skálar. Gylfi hefur tekið þátt í nokkrum sýningum m.a. sýningum hjá FÁT.

Hjörtur Árnason

Hjörtur Árnason er búinn að skera út í nokkur ár. Hjörtur hefur m.a. sótt námskeið hjá Ólafi Oddsyni, Lesið í Skóginn og tálgað í tré, námskeið í brýningu hjá Bjarna Þór og helgarnámskeið í útskurði hjá Jón Adólf. Hjörtur var með tvö verk á sýningunni „Green man Wood spirit“ og útskorið blóm í linditré. Þetta er önnur sýning Hjartar en hann tók þátt í Vorsýningu FÁT 2016. Hjörtur og Árni Falur Ólafsson eru feðgar. Áhugi Hjartar hófst er hann fylgdist með tréútskurði föður síns. Hjörtur er með vinnuaðstöðu í bílskúr heima hjá sér.



Júlíus Ágúst Guðmundsson



Júlíus Ágúst mætti með átta verk á sýninguna, seiðkarla og jólasveina. Hann hefur sótt fjölda námskeiða m.a. hjá Jóni Adólf og námskeið í brýningu hjá Bjarna Þór. Júlíus er mikill tálgari og hefur náð góðri tækni. Hann hefur tekið þátt í sýningum hjá Jón Adólf og einnig á vegum FÁT. Júlíus er með vinnuaðstöu heima hjá sér.

Magnús Steingrímsson

Magnús byrjaði að skera út árið 2009. Hann er víða að vinna verkin sín, heima og heiman. Hann hefur tekið þátt í sýningum hjá Viðarvinir í Hafnarfirði og á Álfagrandu. Magnús er afkastamikill tálgari og nýtir sér efnisviðinn til hins ýtrasta.



Páll Steinþórsson



Páll sýndi eitt verk eftir sig á sýningunni, „Örn“ tálgað í linditré. Hann lærði útskurð hjá Hannesi Flosasyni og Jóni Adólf. Hann hefur tekið þátt í sýningum hjá Skurðlistaskóla Hannesar Flosasonar og núna hjá FÁT. Páll hefur verið að skera út síðan 1983.

Sigurður Petersen

Sigurð þarf vart að kynna. Afkasta mikill tálgari. Sigurður byrjaði í tréútskurði árið 2004 þegar hann fór á námskeið hjá Erni Sigurðssyni. Hann hefur einnig sótt námskeið hjá Friðgeiri Guðmundssyni í útskurði og meðferð tækja og véla hjá Jóni Adólf. Hann hefur tekið þátt í fjölmörgum sýningum og einnig verið með einka sýningar, m.a. í bókasafni Kringlunnar „50 gaflarar“. Vinnuaðstaða Sigurðar er aðallega heima í bílskúrnum þar sem hann var með opið hús hjá FÁT á vörðögum 2018 og bauð félagsmenn velkomna. Sigurður setti upp aðstöðu á vorsýningunni og tálgaði af mikilli list á staðnum.



Þorsteinn Kristinsson

Þorsteinn byrjaði að skera út árið 2012. Hann fór á námskeið hjá Stefáni Hauki Erlingssyni. Hann hefur tekið þátt í tveimur Vorsýningum hjá FÁT. Þorsteinn mætti með tvö skemmtileg verk á sýninguna, „Gosi“ og stóra útskorna klukku. Þorsteinn vinnur verkin sín aðallega heima fyrir og á námskeiðum en hann hefur sótt námskeið hjá Stefáni Erlingssyni síðastliðin fjögur ár.





Verk eftir Sigurð Petersen



Verk eftir Bjarna Þór



Seiðkarl eftir Júlíus Ágúst og örn eftir Pál Steinþórsson



Áhugasamir að virða fyrir sér útskurð. Gosi, verk eftir Þorstein Kristinsson



Gaflarnir hans Sigurðar
fylltu heilt borð.

Veggmyndirnar
mynda heildstæðan
kjarna.



VORSÝNING 2018 & dagskrá vetrar 2018 - 2019

Vorsýning FÁT var haldin 14. og 15. apríl 2018

Vorsýning FÁT var haldin að Nethyl 2e (hjá Heimilisiðnaðarfélaginu).

Alls þrettán Félagsmenn sýndu verk sín þessa tvo daga sem sýningin stóð yfir. Sigurður tálgari stóð vaktina og sýndi handbrögðin ásamt Bjarna Þór sem mætti á Sunnudaginn honum til halds og trausts. Sýningargripir voru af öllum stærðum og gerðum. Skemmtilegt að sjá lifandi handbragð í mótun.

Dagskrá vetrarins 2018 – 2019

20.10.2018	Korpúlfsstaðir.	Handverk listamanna skoðuð frá kl. 10:00 – 12:00
17.11.2018	Árbæjarsafn.	Fáum leiðsögn um safnið, mæting kl. 10:00 – 12:00
19.1.2019	Auglýst síðar	Sjá heimasíðu www.treskurdur.is
16.2.2019	Aðalfundur FÁT	Heimilisiðnaðarfélagið, Nethyl 2E, kl. 10:00 – 12:00
16.3.2019	Auglýst síðar	Sjá heimasíðu www.treskurdur.is
13 - 14.4 2019	Vorsýning FÁT	Heimilisiðnaðarfélaginu, Nethyl 2E, kl 13:00-17:00 báða daganna.

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Netfang: treskurd@gmail.com Heimasíða: treskurdur.is
Ritstjórn er stjórn félagsins. Ábm. Víðir Árnason

Stjórn FÁT



Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130
202 Kópavogur